

Nd.

120. Frumvarp

til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

Flutningsmenn: Jón Magnússon og Sveinn Björnsson.

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar kirkjugarðinum, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands í samráði við biskup ákveður, hvað mikið land þurfi að taka til viðbótar kirkjugarðinum og hve nær eignarnám skuli fram fara. Ef

ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal tekið tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.